

Mál nr. 47/1999

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Vinnuslys við malarnám þann 03.12. 1996.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.02. 1999.
2. Lögregluskýrslur.
3. Umsögn Vinnueftirlits ríkisins 05.12. 1996 ásamt afriti ljósmynda.
4. Yfirlýsing dags. 15.10. 1998.
5. Slysátrygging Tryggingastofnunar ríkisins.
6. Bréf lögmans hins slasaða til vátryggingafélagsins dags. 26.10. 1996.
7. Bréf vátryggingafélagsins dag. 21.12. 1996 til lögmans slasaða.
8. Bréf vátryggingafélagsins dags. 09.03. 1999 þar sem hjálaga fylgdi tjónstilkynning, bréf félagsins til Tjónanefndar vátryggingarfélaganna og ljósrit úr fundargerð tjónanefndar.
9. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 1072/1998.

Málsatvik.

Hinn slasaði (M), starfsmaður V, vann í malarnámi fyrirtækisins umræddan dag í Bolöldu við Vífilfell. Þegar slysið varð var hann að vinna við að harpa frosinn sand í Power Screen hörpu (m.a. við færiband). Öryggishlíf við drifbúnað hafði var skilin eftir opin til að hreinsa sand í rúllum án þess að færibandið væri stöðvað. M mun hafa runnið til í hálku og borið fyrir sig vinstri hönd með þeirri afleiðingu að vettlingur festist milli kerils og færibands þannig að höndin klemmdist og meiðsl hlutust af.

M heldur því fram að vinnuveitandi sinn beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans. Fyrirtækið hafi húsbóndavald á háttsemi starfsmannsins Þ, sem þarna var, sem sagður er hafa skilið öryggishlífina eftir opna, auk þess sem hann telur að fyrirtækið beri ábyrgð á grundvelli sakar þar sem M hafi verið sendur til vinnu við hörpuna án þess að honum hafi verið leiðbeint um réttar starfsaðferðir og að ekki hafi verið tryggt að ekki myndaðist hálka umhverfis hörpuna.

Vátryggingafélagið lætur þess m.a. getið að vinnuveitandi M hafni skaðabótaábyrgð og að M eigi sjálfur sök á því að slysið varð, þar sem öryggishlífar hafi átt að vera lokaðar og að ekki megi hreinsa rúllur færibandsins með það er í gangi. M hafi átt að sjá fyrir hættuna af því að vinna verk sitt með öryggishlífar opnar. Hann hafi haft starfsreynslu við jarðvinnuvélar þegar hann hafi verið ráðinn til starfsins vorið 1996. Þá er haft eftir vinnuveitanda M að Þ hafi verið sjálfstæður verktaki við tækjastjórnun.

Álit.

Nefndin telur að M beri meginábyrgð á slysinu vegna eigin sakar. Hann var 47 ára að aldri þegar slysið varð og með starfsreynslu af vélarvinnu. Hann mátti gera sér grein fyrir þeirri hættu sem fyrir hendi var og að gæta þurfti aukinnar aðgæslu við vélina. Ekki er upplýst að kvartað hafi verið undan þeirri starfsaðstöðu sem fyrir hendi var.

Þegar tekið er mið af röksemdafærslu lögmans M og þeirrar hættulegu vinnuaðstöðu sem fyrir hendi var, telur nefndin að vinnuveitandi M beri nokkra ábyrgð á tjóni M. Það er óviðundandi að skilja öryggishlífar vinnuvéla eftir opnar og ósannað er að M beri ábyrgð á því að öryggishlífin var skilin eftir opin.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirbyggjandi gögnum ber M 2/3 hluta ábyrgðar og vinnuveitandi hans 1/3 huta.

Niðurstaða.

Vinnuveitandi M ber 1/3 hluta ábyrgðar vegna máls þessa og M ber 2/3 hluta tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 6. apríl 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.